

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á samþykkt fyrir byggðasamlagið Odda bs.

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samþykkt fyrir byggðasamlagið Odda bs. að fenginni umsögn ráðherra sveitarstjórnarmála en stofnendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin Ásahreppur og Rangárþing ytra. Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Verkefni byggðasamlagsins Odda bs. eru samvinna um rekstur grunnskóla og rekstur leikskóla, sbr. 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 28. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

*Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 23. mars 2023.*

F. h. r.

**Anna Tryggvadóttir.**

*Theódóra Sigurðardóttir.*

#### **Fylgiskjal.**

#### **SAMÞYKKT fyrir byggðasamlagið Odda bs.**

1. gr.

*Samkomulag um byggðasamlag.*

Sveitarfélögin Ásahreppur, kt. 430169-0339, Laugalandi, 851 Hellu, og Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, Suðurlandsvegi 1–3, 850 Hellu, samþykktu 15. desember 2015 að stofna byggðasamlag sem tók til starfa 1. janúar 2016 um rekstur leik- og grunnskóla sveitarfélaganna, þ.e. Leikskólann Laugalandi, Heklukot Hellu, Laugalandsskóla og Grunnskólann Hellu. Sveitarfélögin hafa nú endurskoðað samþykktir byggðasamlagsins.

Heiti byggðasamlagsins er Oddi bs., kt. 621215-1750 og er heimili þess og varnarþing í Rangárþingi ytra.

2. gr.

*Ábyrgð og eignarhluti.*

Byggðasamlagið starfar í samræmi við heimild í 45. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 og 28. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008, sbr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu. Ábyrgð og eignarhluti hvors sveitarfélags er reiknaður samkvæmt ákvæðum 4. gr. samþykktarinnar.

3. gr.

*Verkefni.*

Byggðasamlagið starfar í umboði sveitarstjórnanna og fer með og tekur allar ákvarðanir, þ.m.t. um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 ef við á, um rekstur og starfsemi þeirra leik- og grunnskóla sem falla undir samþykkt þessa eins og nánar er mælt fyrir um í henni að undanskildum fasteignum. Undir þetta falla ákvarðanir um málefni nemenda, þ.m.t. inntöku og vísun úr skóla, og um starfsmannahald að því marki sem stjórnendur skólanna fara ekki með þau mál lögum samkvæmt. Stjórn byggðasamlagsins skal í störfum sínum gæta þess að starfsemi skólanna og aðbúnaður nemenda uppfylli þær kröfur sem leiða af lögum um starfsemi þeirra, námskrá, samþykkt þessarar og þá stefnu sem sveitarstjórnirnar hafa samþykkt, sbr. 5. gr. laga nr. 91/2008 og 4. gr. laga nr. 90/2008.

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu að reka af metnaði og framsækni leik- og grunnskóla sveitarfélaganna í samræmi við gildandi lög um leikskóla og grunnskóla. Stefnt skal að því með

markvissum áætlunum og aðgerðum að skólarnir verði í fremstu röð á landinu bæði hvað varðar innra starf og aðbúnað.

Til þess að svo megi verða skal stjórn byggðasamlagsins, í samráði við skólastjóra og aðila sem seturétt hafa í fræðslunefnd sem og við skólaráð og foreldraráð, hafa forgöngu um að leggja fram í upphafi hvers kjörtímabils sveitarstjórna til samþykktar hjá sveitarstjórnunum tillögu um almenna stefnu fyrir skólahald sveitarfélaganna og áætlun til næstu fjögurra ára hvað þetta varðar. Þegar stefnan hefur fengið samþykki sveitarstjórna skal stjórn byggðasamlagsins fara yfir og endurskoða þá fjögurra ára áætlun sem hún hafði gert tillögu um ef þörf krefur. Að því loknu skal stefnan og áætlunin kynnt íbúum sveitarfélaganna. Áætlunin skal síðan að frumkvæði stjórnar byggðasamlagsins endurskoðuð og metin árlega í upphafi skólaárs. Endurskoðuð áætlun skal kynnt sveitarstjórnunum og leitað eftir samþykki þeirra ef talin er þörf á að breyta þeirri stefnu sem þau hafa samþykkt. Í áætluninni skal kveðið á um áherslur í endurmenntun/starfsþróun starfsmanna skólanna með áherslu á að gefa starfsfólki kost á að afla sér starfsréttinda og þeim sem þegar eru með starfsréttindi kost á endurmenntun. Einnig er lögð áhersla á skólaþróun, markviss áform um samvinnu skóla og tengsl við atvinnulífið í sveitafélaginu. Leggja ber áherslu á góðan árangur nemenda, aukinn þroska og gleði af skólagöngunni. Síðast en ekki síst ber að leita leiða til að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem til staðar eru í þessum vel búnu sveitarfélögum til farsældar fyrir börn, ungmenni og þar með alla íbúa sveitarfélaganna.

#### 4. gr.

##### *Rekstrarleg ábyrgð aðildarsveitarfélaganna.*

Rekstrarleg ábyrgð sveitarfélaganna í byggðasamlaginu er mismikil og byggist á fjölda nemenda í leik- og grunnskólum sveitarfélaganna. Skal ábyrgðin miðast við fjölda nemenda frá hvoru sveitarfélagi í skólunum 1. október ár hvert. Þessi ábyrgð er grundvöllur kostnaðarskiptingar við alla almenna nemendatengda þjónustu sveitarfélaganna. Með nemendatengdri þjónustu er átt við öll útgjöld sveitarfélaganna vegna skólagöngu nemenda, svo sem allan launakostnað, kostnað vegna námsefnis og annars kennsluefnis, rekstur bókasafna, skólaakstur, húsaleigu, rekstur mótuneyta, aðkeypta sérfræðiþjónustu, kostnað vegna vettvangsferða og annað sem með beinum hætti tengist námi nemenda. Þessi útreikningur á ekki við um einstaklingsúthlutanir til nemenda.

#### 5. gr.

##### *Skólarnir innan byggðasamlagsins.*

Stofnun byggðasamlags um rekstur leik- og grunnskóla hefur ekki áhrif á faglegt sjálfstæði skólanna. Stjórn byggðasamlagsins í hlutverki fræðslunefndar ásamt lögbundnum áheyrnarfulltrúum hefur yfirsýn yfir faglegt starf leik- og grunnskóla sveitarfélaganna. Þeir starfa áfram sem sjálfstæðar einingar og sem deildir innan byggðasamlagsins. Þeir starfa eftir eigin skólanámskrá sem byggir á lögum um leik- og grunnskóla og aðalnámskrá hverju sinni ásamt því að fylgja sameiginlegri skólastefnu Ásahrepps og Rangárþings ytra.

Breyting þessi á rekstrarformi leik- og grunnskólanna skal á engan hátt skerða réttindi og skyldur starfsmanna skólanna. Starfsmenn byggðasamlagsins og aðrir sem það eða forstöðumenn einstakra rekstrareininga þess ráða til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt ákvæðum X. kafla stjórnsýslulaga.

#### 6. gr.

##### *Val um skóla.*

Stofnun byggðasamlags um rekstur leik- og grunnskóla sveitarfélaganna skal ekki hafa áhrif á heimaskóla barna og ungmenna sveitarfélaganna eins og þeir voru við stofnun byggðasamlagsins (fylgiskjal 1). Þó gefst foreldrum barna í sveitarfélögunum kostur á að velja um skóla innan byggðasamlagsins svo fremi aðstæður í skólunum leyfi og ekki komi til aukins kostnaðar vegna nemanda, svo sem vegna skólaaksturs. Skal það gert að höfðu samráði við skólastjóra beggja skólanna hvort sem um er að ræða leik- eða grunnskóla og að öllu jöfnu gengið formlega frá því fyrir 1. maí vegna komandi skólaárs.

## 7. gr.

*Skipan stjórnar.*

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fjórum aðalmönnum, þ.e. oddvitum beggja sveitarfélaganna og tveimur fulltrúum úr byggðarráði Rangárþings ytra. Jafnframt skulu skipaðir fjórir varamenn úr hópi aðal- eða varamanna í sveitarstjórn. Stjórnarmenn skulu kosnir af sveitarstjórnnum í upphafi hvers kjörtímabils og skal kjörtímabil stjórnarinnar vera hið sama og sveitarstjórnanna. Oddviti Rangárþings ytra er formaður stjórnar en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Hafi sveitarstjórnir þeirra sveitarféлага sem standa að byggðasamlaginu verið kjörnar bundinni hlutfallskosningu og einhver framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn nær ekki kjöri í stjórn byggðasamlagsins er fulltrúum þessa aðila heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa, með málfrelsi og tillögurétt, úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna þessara aðila til þátttöku í fundum stjórnar.

Sveitarstjórar beggja sveitarfélaganna eiga rétt til setu á fundum stjórnar byggðasamlagsins með málfrelsi og tillögurétt. Sveitarstjóri Rangárþings ytra fer með framkvæmdastjórn byggðasamlagsins.

Þeir sem eiga sæti í stjórn byggðasamlagsins og áheyrnarfulltrúar á fundum stjórnar eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt ákvæðum X. kafla stjórnsýslulaga.

## 8. gr.

*Stjórnarfundir.*

Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef löglega hefur verið til hans boðað og meirihluti kjörinna stjórnarmanna er mættur til fundar. Við afgreiðslu mála skulu stjórnarmenn leggja sig fram um að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Ef til atkvæðagreiðslu kemur og atkvæði falla jöfn þá gildir sú regla að atkvæði formanns sker úr. Á það við um hefðbundin viðfangsefni stjórnar og að öllu jöfnu, en óski stjórnarmaður eftir þá ber að vísa viðkomandi úrlausnarefni til sveitarstjórna beggja sveitarfélaganna til umræðu milli stjórnarfunda.

Stjórnin heldur að jafnaði fundi mánaðarlega. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Fundarboð skal berast stjórnarmönnum og áheyrnarfulltrúum þegar það á við eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Boðun funda skal fara fram með rafrænni tilkynningu á netfang fundarmanna. Fundargögn skulu gerð aðgengileg með rafrænum hætti. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem nauðsynleg eru til að fundarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Hver stjórnarmaður getur krafist aukafundar. Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur sólarhringum eftir að ósk þar um berst formanni stjórnar. Fundarboð vegna aukafundar skal sent svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Aðalmenn bera ábyrgð á boðun varamanna. Stjórnarfundir skulu skráðir og afrit af fundargerðum send sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

Stjórn Odda bs. gegnir hlutverki fræðslunefndar, þ.e. skólanefndar, sbr. 6. og 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og nefndar, sbr. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Stjórn byggðasamlagsins getur einnig ákveðið að stofnuð skuli sérstök nefnd til að fara með hlutverk fræðslunefndar á vegum byggðasamlagsins, sbr. 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Þegar stjórnin fjallar um málefni sem falla undir verksvið fræðslunefndar (skólanefndar) lögum samkvæmt skulu áheyrnarfulltrúar eiga rétt til setu á fundum stjórnarinnar skv. 4. mgr. 6. gr. laga um grunnskóla og 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla.

## 9. gr.

*Fjármál.*

Allar ákvarðanir stjórnar byggðasamlagsins sem hafa fjárhagslegar skuldbindingar í för með sér fyrir aðildarsveitarfélögin skulu vera innan sundurliðaðrar fjárhagsáætlunar viðkomandi rekstrarárs, sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna. Í sundurliðun fjárhagsáætlunar skal koma fram flokkun áætlaðra útgjalda til einstakra liða eftir starfseiningum, svo sem launakostnaðar, helstu þátta rekstrarkostnaðar og kaupa og viðhalds búnaðar. Telji stjórn byggðasamlagsins þörf á að færa kostnað milli liða eða verkefna innan rekstrarársins er henni heimilt að gera það enda fari tilfærslur á árinu milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar og millifærsla milli rekstrareininga ekki yfir eina milljón króna og tilfærslur milli verkefna vegna kaupa og viðhalds

búnaðar ekki yfir fimm milljónir króna. Gera skal sérstaka grein fyrir þessum tilfærslum í ársreikningi byggðasamlagsins.

Stjórnin getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Ef þörf er á fjárframlögum, umfram það sem heimildir fjárhagsáætlunar leyfa og umfram heimildir til millifærslna, skal gerður viðauki við fjárhagsáætlun og hann samþykktur af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna áður en hann tekur gildi. Sama gildir þegar stofnað er til ábyrgða byggðasamlagsins sem skuldbinda sveitarfélögin.

Bókhald og reikningsskil byggðasamlagsins skulu vera deildaskipt þannig að rekstur hvers skóla sé aðgreindur sem sérstök rekstrareining innan byggðasamlagsins. Allar rekstrartekjur og öll rekstrargjöld sem tilheyra tilteknum skóla skulu færð á viðkomandi deild innan byggðasamlagsins. Ef um er að ræða rekstrartekjur eða rekstrargjöld sem tilheyra fleirum en einum skóla skal skipta þeim liðum með viðeigandi hætti milli deilda.

Aðildarsveitarfélögin veita rekstrarframlög til byggðasamlagsins og skal þeim skipt annars vegar sem framlögum til reksturs grunnskóla og hins vegar sem framlögum til reksturs leikskóla. Fjárhæð framlaga til hvors skólastigs á ári skal vera jöfn rekstrargjöldum að frádregnum rekstrartekjum viðkomandi skóla á því ári.

Framlög aðildarsveitarfélaganna til hvors skólastigs skiptast milli sveitarfélaganna í hlutfalli við nemendafjölda 1. október á reikningsárinu. Við útreikning á skiptingu framlaga milli aðildarsveitarfélaganna vegna reksturs grunnskóla skal miða við heildarfjölda nemenda úr hvoru sveitarfélagi í báðum grunnskólunum. Við útreikning á skiptingu framlaga milli aðildarsveitarfélaganna vegna reksturs leikskóla skal miða við heildarfjölda barngilda úr hvoru sveitarfélagi í báðum leikskólunum.

Skólastjórum skólanna ber að skila drögum að rekstraráætlun næsta árs til stjórnar byggðasamlagsins eigi síðar en 15. september ár hvert þar sem gerð er grein fyrir fjár- og húsnæðisþörf skólanna vegna komandi árs. Stjórnin tekur við drögunum, gerir athugasemdir ef þess gerist þörf og ber síðan að skila drögum að fjárhagsáætlun næsta árs til aðildarsveitarfélaganna eigi síðar en 1. október ár hvert þar sem gerð er grein fyrir fjárþörf byggðasamlagsins vegna komandi árs. Með drögum að fjárhagsáætlun skulu jafnframt fylgja drög að gjaldskrá vegna leikskóla og gjöldum tengdum starfi grunnskóla sem samþykkt skulu af báðum sveitarstjórnnum í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins.

Tekjur byggðasamlagsins eru framlög sveitarfélaganna eins og þau eru tilgreind í samþykktri fjárhagsáætlun og þjónustutekjur samkvæmt gjaldskrár eða samningum.

Stjórnin skal fylgjast með að rekstur skólanna sé innan fjárheimilda og bregðast við ef út af ber. Eins ber stjórninni að taka tillit til réttmætra erinda frá skólastjórum vegna ófyrirsjáanlegra breytinga sem verða á skólahaldi og útvega aukið rekstrarfé frá aðildarsveitarfélögunum ef svo ber undir.

Stjórninni er heimilt að semja við aðildarsveitarfélag um þjónustu við byggðasamlagið, s.s. fjármálalega umsýslu.

Stjórninni er heimilt að semja við einkaaðila um framkvæmd á afmarkaðri þjónustu og öðrum verkefnum fyrir byggðasamlagið, þ.m.t. verklegar framkvæmdir, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins og fylgt hafi verið þeim reglum sem gilda um opinber innkaup eftir því sem við á um útboð verkefna. Við samninga samkvæmt þessu ákvæði skal gætt ákvæða 2. mgr. 100. og 101. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Stjórn byggðasamlagsins fer ekki með verkefni sveitarstjórna samkvæmt X. kafla laga nr. 91/2008 um sjálfstætt rekna grunnskóla eða við veitingu leyfa til reksturs annarra aðila en sveitarfélaganna á leikskólum, sbr. 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Berist stjórn byggðasamlagsins erindi sem fellur undir þessi lagaákvæði skal hún vísa þeim til viðkomandi sveitarstjórnar.

Stjórnin staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins með samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Vinna skal ársreikninga í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur, skv. 59. gr. laga nr. 138/2011.

Sendi skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda til beggja aðildarsveitarféлага fyrir 15. apríl ár hvert.

## 10. gr.

*Endurskoðun samþykktá og slit byggðasamlagsins.*

Endurskoða skal samþykkt þessa þremur árum eftir dagsetningu hennar. Einnig skal endurskoða samþykktina ef breytingar verða á lögum sem um málaflokkinn gilda. Heimilt er að bregðast við augljósum hnökrum sem kunna að koma í ljós ef tillaga um slíkt hefur verið samþykkt af báðum sveitarstjórnnum.

Hvort sveitarfélag getur sagt upp aðild að byggðasamlaginu með tveggja ára fyrirvara miðað við áramót. Um úrsögn sveitarfélags úr byggðasamlaginu eða slit þess fer að öðru leyti eftir 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

## 11. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi öðlast gildi við staðfestingu mennta- og barnamálaráðuneytisins að fenginni umsögn innviðaráðuneytisins. Við gildistöku falla samþykktir byggðasamlagsins frá 15. desember 2015 úr gildi en breytingar sem leiða af hinni nýju samþykkt taka þó ekki gildi fyrr en þegar nýjar sveitarstjórnir hafa tekið til starfa eftir sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022.

**Fylgiskjal 1.****Fylgiskjal með samþykkt Odda bs.***Skilgreining á núverandi heimaskóla:*

Grunnskólinn á Hellu er heimaskóli þeirra sem búa á svæðinu frá mörkum sveitarfélagsins í austri að Ytri-Rangá í vestri sem og þeirra sem búa í Þykkvabæ, í Bjóluhverfi og á Ægissíðu.

Laugalandsskóli er heimaskóli þeirra sem búa á svæðinu frá mörkum sveitarfélagsins í vestri að Ytri-Rangá í austri að undanskildum þeim sem eiga heimaskóla á Hellu eins og fyrr greinir. Þá er Laugalandsskóli heimaskóli þeirra sem búa í Ásahreppi.

*Skilgreining á hugtakinu „barngildi“:*

Barngildi á leikskóla eru fundin út miðað við þá stuðla sem fylgja viðmiðunarreglum um kostnað við leikskólapláss sem Samband íslenskra sveitarfélaga gefur út árlega. Það reiknast þannig eftir aldri leikskólabarna:

- 1 árs = 2,0 barngildi
- 2 ára = 1,6 barngildi
- 3 ára = 1,3 barngildi
- 4 ára = 1,0 barngildi
- 5 ára = 0,8 barngildi